Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

20 APR. 2001

*Bent skal á að samþykkt þessi verður ekki virk, fyrr en eftir skráningu eignaskiptayfirlýsingarinnar hjá Fasteignamati ríkisins og þinglýsingu hennar.*




1. hæð

## BREYTING

Almennt gildir byggingarlýsing á áðursamþykktri teikningu nr. A113-N, dags. 16.10.'99, seinast endursk. 27.12.'99.

Hér verða talin meginatriði um eldvarnir í þeim húshlutum sem breytt er en sá listi er ekki tæmandi. Um þau atriði sem ekki er fjallað sérstaklega er því vísað til texta um eldvarnir í nefndri byggingarlýsingu. Hann er jafnframt í fullu gildi áfram fyrir bygginguna í heild þegar frá eru taldar þær breytingar sem hér eru skilgreindar.

Breytt í norðlægum hluta:

Norðlægur hluti 1. hæðar í framhúsi er tengdur 1. hæð í bakhúsi og innréttaður sem skrifstofurými.

Í tvöfaldan steinvegg, A-REIM120, sem skilur að húshluta er sagað dyraop og í það er sett hurð sem er A-EI-CS60. Dyrum er haldið opnum með segli sem stjórnast af brunaviðvörunarkerfi.

Dyrum milli norðlægs hluta 1. hæðar og anddyris í framhúsi er lokað. Veggur, EI60, afmarkar norðlægan hluta 1. hæðar frá anddyri og þar með frá öðrum hólfum framhúss.

Breytt í suðlægum hluta:

Byggður er hringstigi milli 1. og 2. hæðar nærri neyðarútgöngum við suðlægan gafl. Stigi er opinn á 2. hæð en umlukinn EI90 veggjum á 1. hæð. Hurð er EI-CS60. 1. hæð er innréttuð sem opið skrifstofurými sem tengist starfsemi 2. hæðar. Að frátöldu salerni og ræstingu er syðri hluti 1. hæðar einn salur.

Almennt um breytingar:

Allar klæðningar í loftum og á veggjum skulu vera í flokki 1 skv. byggingarreglugerð.

Sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi er í húsinu tengt viðurkenndri vaktstöð, hannað og uppsett skv. reglum Brunamálastofnunar ríkisins og ÍST EN54. Aðlaga skal kerfið breytingum skv. teikningu þessari.

Ljósamerki, ÚT-ljós og neyðarlýsing, verði útfærð skv. byggingarreglugerð. Handslökkvibúnaður verði settur upp í samráði við eldvarnareftirlit/slökkviliðsstjóra. Brunaslöngur eru merktar á grunnmynd.

Eldvarnarlokur verði í loftræsistokkum þar sem þeir fara milli brunahólfa.

Sjá byggingarlýsingu og lýsingu eldvarna á teikningu A113-N

| | |
|---|---|
| Endursk. 1: 11.11.'99 | Bílastæði fyrir fatlaða næst inngangi í bakhús. |
| Endursk. 2: 02.03.'01 | Skipulag og innrétting norðurhluta 1. hæðar,- dyr að bakhúsi, skábraut. Skipulag og innrétting suðurhluta 1. hæðar,- hringstigi milli hæða. |
| Endursk. 3: 01.04.'01 | Norðurhluti 1. hæðar framhúss fær skráningarnúmerið 0103. |

| | | |
|---|---|---|
| REYKJAVÍKURVEGUR 76 HAFNARFIRÐI<br>Grunnmynd 1. hæðar | H. NG/GeSÓ | Nr. A123-N |
| | M. 1:100 | |
| | D. 16.10.'99 | E.3 01.04.2001 |


Arkitektar FAÍ Njörður Geirdal kt. 060639-7799 og Gunnar S. Óskarsson kt. 180544-4299
Teiknistofa Skipholti 5 105 Reykjavík s 551 7980 / 551 7985 f 551 7989 geso@centrum.is